

AUGLÝSING

um nýtt hverfisSKIPULAG í Reykjavíkurborg.

HverfisSKIPULAG fyrir Ártúnsholt, Árbæ og Selás ásamt leiðbeiningum hverfisSKIPULAGS.

Í samræmi við 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti skipulags- og samgönguráð þann 25. september 2019 og borgarráð Reykjavíkur þann 10. október 2019 tillögu að hverfisSKIPULAGI í Ártúnsholti, Árbæ og Selási. HverfisSKIPULAG er ný skipulagsáætlun fyrir gróin hverfi og kemur í stað eldri deiliskipulagsáætlana sem verða felldar úr gildi við samþykkt hverfisSKIPULAGS, sbr. heimildarskrá yfir deiliskipulag sem felld er úr gildi, aftast í bók 2 í hverfisSKIPULAGINU fyrir Ártúnsholt, Árbæ og Selsás.

Helstu markmið hverfisSKIPULAGSINS eru að stuðla að sjálfbærum og vistvænum hverfum, fjölga íbúðum og auðvelda íbúum að sækja um breytingar á fasteignum sínum. Uppdrættir og greinargerð (skilmálar) hafa hlotið meðferð samkvæmt 5. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. HverfisSKIPULAGIÐ öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 31. október 2019.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. nóvember 2019